

Bæjarstjórn - 1969

FUNDARBOÐ

**1969. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 28.
janúar 2026 og hefst kl. 12:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2509820 - Rekstrarsamningur Hafnarfjarðar og félags eldri borgara

6.liður úr fundargerð fjölskylduráðs frá 20.janúar sl.
Lagt fram til umræðu.

Fjölskylduráð samþykkir fyrirlagðan rekstrarsamning Hafnarfjarðar og Félags eldri borgara eins og hann liggur fyrir eftir yfirferð og ábendingar frá FEBH.

Fjölskylduráð vísar málinu til bæjarstjórnar til frekari staðfestingar.

2. 1812064 - Reglur um frístundastyrki

9.liður úr fundargerð fræðsluráðs frá 21.janúar sl.
Lagt fram til afgreiðslu.

Samþykkt og vísað til bæjarstjórnar.

3. 2407481 - Sorpa, ESA mál

5.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 22.janúar sl.
Lagt fram bréf frá SSH dags.16.janúar sl. Viðbrögð við niðurstöðu ESA vegna tekjuskattsundanþágu Sorpu bs.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi tillögu sem felur í sér að SORPU bs. er heimilað að stofna tvo ný dótturfélög með takmarkaðri ábyrgð, nánar tiltekið Lok ehf. og Líf ehf., sem munu taka yfir efnahagslega starfsemi SORPU í samræmi við sáttina við ESA, nánar tiltekið:

? LOK ehf. mun annast móttöku rekstrarúrgangs og rekstur urðunar,
? LÍF ehf. mun annast rekstur GAJA og meðhöndlun lífræns úrgangs.

Lögbundin starfsemi sveitarfélaga, þar með talin ábyrgð á farvegi úrgangs frá heimilum, verður áfram rekin innan SORPU bs.

Vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar.

4. 2601337 - Stálhella 24d, umsókn um lóð

8.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 22.janúar sl.
Lögð fram umsókn um lóðina nr. 24d við Stálhelli.

Bæjarráð samþykkir umsóknina og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

5. 2512500 - Byrgisás 1-3, umsókn um lóð

15.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 22.janúar sl.
Lögð fram umsókn Helgatúns ehf. um lóðina nr. 1-3 við Byrgisás.

Tíu umsóknir liggja fyrri um lóðina. Fulltrúi sýslumanns dregur úr umsóknum. Dregin er út umsókn Helgatúns ehf. Til vara er dregin út umsókn SG eignir ehf. Bæjarráð samþykkir úthlutun lóðarinnar í samræmi við útdrátt og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

6. 2512162 - Byrgisás 5-7, umsókn um lóð

31.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 22.janúar sl.
Lögð fram umsókn HGV múrverk ehf. um lóðina nr. 5-7 við Byrgisás.

Tólf umsóknir liggja fyrir um lóðina. Fulltrúi sýslumanns dregur úr umsóknum. Dregin er út umsókn HGV múrverk ehf. Til vara er dregin út umsókn Bygg bræður ehf. Bæjarráð samþykkir úthlutun lóðarinnar í samræmi við útdrátt og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

7. 2601345 - Brunnás 16, umsókn um lóð

33.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 22.janúar sl.
Lögð fram umsókn SG eigna ehf. um lóðina nr. 16 við Brunnás.

Bæjarráð samþykkir umsóknina og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

8. 2208015 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2026-2038

1.liður úr fundargerð skipulags og byggingaráðs frá 22.janúar sl.

Lögð fram tillaga aðalskipulags Hafnarfjarðar 2026-2040.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að auglýsa tillögu aðalskipulags Hafnarfjarðar 2025-2040 og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

9. 2601109 - Stapahraun 8 og 10 og Flatahraun 27, nýtt deiliskipulag

3.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 22.janúar sl.
Vissa ráðgjöf ehf. f.h. lóðarhafa sækir 8.1.2026 um deiliskipulag fyrir lóðirnar Stapahraun 8 og 10 og Flatahraun 27.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að auglýsa deiliskipulag Stapahrauns 8 og 10 og Flatahrauns 27 og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

10. 2410346 - Strandgata 1, Austurgata 4, Austurgata 6, sala eigna

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir málinu á dagskrá. Umræður.

34. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 22. janúar sl.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi tilboð og felur bæjarstjóra að ræða við tilboðsgjafa um nánari útfærslu á efni greinargerðar sem fylgdi tilboðinu.

Bæjarráðsmenn Samfylkingarinnar hafa ítrekað lagt til að gengið verði til samninga við Verkalýðsfélagið Hlíf á grundvelli tilboða þeirra. Nú hefur það orðið niðurstaða málsins og það er ánægjuefni. Enda tryggir þetta líf og uppbyggingu á reitnum, auk þess sem unnt verður í tengslum við málið að tryggja varanlega leigu á aðsetri Félags eldri borgara á Flatahrauni, þar sem Hlíf er leigusali.

Meirihluti Framsóknar og Sjálfstæðisflokks koma að eftirfarandi bókun.

Meirihluti bæjarráðs bendir á að þegar tilboð barst í desember sl. í eignirnar á Strandgötureitnum lögðu fulltrúar Samfylkingarinnar til að gengið yrði til samninga þrátt fyrir að tilboðið næði aðeins til hluta eignarinnar og verðið væri ekki hagstætt fyrir bæinn. Meirihlutinn taldi ekki rétt að samþykkja það tilboð og ákvað að halda söluférlinu áfram. Í framhaldinu hefur sami aðili lagt fram nýtt tilboð sem er bæði herra og tekur til alls eignareitsins. Meirihlutinn telur að sú niðurstaða staðfesti að ákvörðun um að hafna fyrra tilboðinu og halda férlinu áfram hafi verið í samræmi við hagsmuni Hafnarfjarðarbæjar og markmið um vandaða og ábyrga meðferð eigna bæjarins.

11. 1809298 - Tækniskólinn, nýbygging, erindi

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir málinu á dagskrá. Umræður.

35. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 22. janúar sl.

Fulltrúar Samfylkingarinnar þakka framlögð svör við fyrirspurn okkar frá 8. jan. sl. Svörin leiða hins vegar í ljós að mikið er ennþá óunnið í þessu máli. Það er því ljóst að hraða verður þessi ferli og setja aukinn kraft í vinnuna ef tímaáætlanir vegna uppbyggingar Tækniskólans eiga að standast. Í þessu sambandi minna fulltrúar Samfylkingarinnar á tillögu okkar þess efnis að setja á fót samninganefnd þriggja kjörinna fulltrúa til þess að hraða vinnslu málsins.

12. 2505138 - Óseyrarbraut 6, samkomulag

Til umræðu/bókun

Fundargerðir

13. 2601097 - Fundargerðir 2026, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerð bæjarráðs frá 22. janúar sl.

a. Fundargerð hafnarstjórnar frá 7. janúar sl.

b. Fundargerðir menningar- og ferðamálanefndar frá 17. desember og 14. janúar sl.

c. Fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 20. og 22. október, 5. og 14. nóvember, 12., 17. og 22. desember sl.

d. Fundargerðir stjórnar SORPU bs. frá 10. nóvember, 10. desember og 14. janúar sl.

Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 22. janúar sl.

Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 21. janúar sl.

Fundargerð fræðsluráðs frá 21. janúar sl.

s. Fundargerð íþrótta- og tómstúndanefndar frá 9.desember sl.
Fundagerð fjölskylduráðs frá 20.janúar sl.
Fundargerð forsetanefndar frá 26.janúar sl.

26.01.2026

Valdimar Víðisson bæjarstjóri